

LANDPÓSTURINN

4 tbl. 7 ág. september 1995 • Fréttabréf Félags landfræðinga
Pósthólf 5391 • 125 Reykjavík • ábm.: Kristinn Einarsson

KVÖLDFUNDUR í sept.

fimmtudaginn 28. september 1995

Fundur verður haldinn í Félagi landfræðinga í stofu 101 í Lögbergi fimmtudagskvöldið 28. september 1995 kl. 20:30.

Dagskrá: Guðrún Gísladóttir heldur erindi, sem hún nefnir **Áhrif langvarandi beitar á umhverfi og uppskeru gróðurlenda á sunnanverðum Reykjanes-skaga.**

LÍSU-ráðstefna

fimmtudaginn 28. september 1995

Fyrir þann sama dag og Guðrún Gísladóttir heldur erindi sitt (sjá að ofan) gangast LÍSU samtökin fyrir ráðstefnu undir yfirskriftinni **Landfræðileg upplýsingakerfi og hafið, ýmis gagnasöfn, uppbygging og samnýting gagna.** Ráðstefnan verður haldin í þingsal 4 á Scandic Hótel Loftleiðum og hefst kl. 9 en lýkur um kl. 16:30. Markmið ráðstefnunnar að kynna möguleika á auknu samstarfi með landfræðileg gögn um hafið.

Mikil hagræðing er fólgin í því að samnýta landfræðilegar upplýsingar vegna þess að þær eru tengdar við tiltekna staðsetningu. Þannig fást fleiri og betri upplýsingar um tiltekið verkefni eða svæði, en ef gögnin eru ekki samtengd með greinitölum eða staðsett með hnit-

um. Samnýting gagna getur lækkað kostnað við gagnöflun verulega og haft í för með sér hagkvæmni og hagræðingu í rekstri á fjölmörgum sviðum.

LÍSU samtökin eru vettvangur þar sem unnið er að samræmingu á þessu sviði t.d. með því að fá yfirlit um stafræn staðbundin gögn, að koma á vinnureglum um samskipti og gagnaflutninga, að tryggja öryggi gagna og jafnframt að sjá til þess að gögn verði aðgengileg og afnotaréttur tryggður.

Ráðstefnugjald er kr. 5000. Afsláttur kr. 1000 pr. gjald er veittur ef fleiri en 10 manns koma frá sama vinnustað. Félagar í LÍSU samtökunum fá kr. 1000 afslátt. Þá er boðið upp á sérstakt námsmannagjald fyrir nemendur á háskólastigi kr. 2.500. Hægt er að skrá sig í síma 563 1536 og í bréfsíma 563 1470 hjá LÍSU, eða senda tölvupóst til lisa@vegag.is.

Stjórnarmolar

Ofurlítið skuluðust staðreyndirnar til í síðasta fréttabréfi hvað varðar upplýsingar um stjórnina, og annað hefur breytt síðan þá. Hér er því birtur að nýju listinn yfir stjórn Félags landfræðinga eins og hún er skipuð núna:

Guðrún Halla Gunnarsdóttir, formaður
hs. 552 8502, vs. 562 4100, fax 562 4165, tölvupóstur
halla@islag.is

Kristinn Einarsson, varaformaður
hs. 568 1969, vs. 569 6042, fax 568 8896, tölvupóstur
ke@os.is

Rannveig Ólafsdóttir, ritari
farin til námsdvalar í Svíþjóð

Anna Dóra Sæþórsdóttir, gjaldkeri
hs. 564 4161, vs. 525 4471, fax 525 4499

Guðrún Ólafsdóttir, meðstjórnandi
hs. 552 6269, vs. 525 4484, fax 525 4499, tölvupóstur
gudrunmo@raunvis.hi.is

Gíróseðlar

Minnt er á að gleyma ekki að greiða útsenda gíróseðla með árgjaldi Félags landfræðinga. Það er grundvöllur þess að geta haldið uppi sæmilega blómlegri starfsemi.

Landfræði í breyttum heimi - landfræðikennsla

Í framhaldi af ráðstefnu félagsins 1993 með þessu nafni tóku þær Anna Dóra Sæþórsdóttir og Rannveig Ólafsdóttir sig saman og rituðu grein um kennslumál undir þessu heiti. Greinin birtist í Nýjum menntamálum 2. tbl. 13. árg. 1995, og jafnframt var hún birt sem framhaldsgrein í Degi á Akureyri nú í sumar. Fjallað er um viðfangsefni landafræðinnar, mikilvægi hennar sem kennslugreinar, kennsluaðferðir og markmið og mælum við með því að þeir félagsmenn sem hafa áhuga á kennslumálum kynni sér þessa grein.

Kvöldfundurinn í maí sl.

Guðrún Ólafsdóttir sagði frá þriðju ferð sinni til Kína frá því að hún flutti þaðan barn að aldri. Ferðin var farin í apríl sl. í fylgd annarra "Kínabarna" frá dögum norsk-íslenska kristniboðsins þar. Hún sagði m.a. að ótrúlegar breytingar hefðu orðið í Peking frá því að hún kom þangað síðast fyrir 5 árum. Hún rakti ferðasöguna og þau hughrif sem hún varð fyrir á æskuslóðum sínum og sýndi myndir sem teknar voru "með augum landfræðingsins" af landslagi, þjóðlífi og atvinnuháttum. Gerður var mjög góður rómur að máli hennar og margar spurningar vöknudu. Á fundinn sem haldinn var í Lögbergi mættu 15 félagsmenn og einn gestur, og samkvæmt venju var auðvitað vandkvæðum bundið að "brjótast þaðan út" í fundarlök.

Áminning vegna Náttúrufræðingatals

Félagsmenn sem heita nöfnum er byrja á A-G og fengið hafa próförk af texta sínum í Náttúrufræðingatali eru minntir á að senda hana þegar leiðréttu til ritstjórnarinnar.

AM/FM-GIS ráðstefna 2.-4. nóvember 1995

Skráning stendur yfir á norrænu ráðstefnunna "LUK á nýjum leiðum", sem haldin verður í Reykjavík að þessu sinni. Skráningu annast Ráðstefnur og fundir, sími 554 1400, fax 554 1472, tölvupóstur incentiv@ismennt.is. Ráðstefnugjald eftir 15. september er 3100 norskar kr.

Fyrirlestur um Kúbu

Guðrún Gísladóttir ætlar ekki að gera það endasleppt við okkur hvað varðar fyrirlestrahald í vetur, því 9. nóvember nk. kl. 20:30 ætlar hún að halda fyrirlestur í stofu 101 í Odda og fjalla þar um Kúbu. Nánari fregnir af þessum fyrirlestri verða birtar í næsta fréttabréfi.


Hugmyndastefna um nám í landafræði við HÍ

Eins og sagt var frá í síðasta fréttabréfi ætlar Félag landfræðinga í samvinnu við Jarð- og landfræðiskor að efna til hugmyndastefnu vegna endurskoðunar náms og kennsluhátta sem nú er verið að vinna að í deildinni. Nú hefur verið ákveðinn staður og stund fyrir þessa hugmyndastefnu og verður hún haldin **mánudaginn 2. október 1995 kl. 16:00-18:00 í stofu 101 í Lögbergi**. Áhugafólk um eslingu landfræðimenntunar við HÍ (og þar með annars staðar) ætti að fjölmenna á þennan fund.

**Munið fundinn
í stofu 101 í Lögbergi,
fimmtudag 28. september
kl. 20:30**



**Munið hugmyndastefnuna
í stofu 102 í Lögbergi
mánudag 2. október
kl. 16:00-18:00**



Lautas

Inga Ingibjörg Guðmundsdóttir
Bröttubrekku 1
200 Kópavogur